

SJÁLFSMATSSKÝRSLA MÍ

2016-2017

Sjálfsmatsnefnd MÍ

Efnisyfirlit	
Inngangur	2
1. Mat á skólastarfi	3
2. Hlutverk, markmið og stefna Menntaskólans á Ísafirði	4
3. Sjálfsmatsáætlun MÍ – skólaárið 2016-2017	5
4. Matsaðferðir og gagnaöflun.....	6
5. Lykilþættir sem meta á í skólastarfinu	7
6. Niðurstöður kannana sem unnar voru af sjálfsmatsnefnd veturinn 2016-2017	8
6.1. Niðurstöður kennslukannana fyrir dagskólanemendur	8
6.2. Niðurstöður sjálfsmatskannana kennara	10
6.3. Niðurstöður viðhorfskönnunar fjarnema	19
7. Töluleg gögn	22
7.1. Einkunnadreifing haustönn 2016 og vorönn 2017	22
7.2. Brottfall haustönn 2016 og vorönn 2017	24
7.3. Stofnun ársins.....	24
8. Sjálfsmatsáætlun 2015-2018.....	25
Heimildir	26

Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, lðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra hofs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautaskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á framhaldsskólabraut, lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

	Haustönn 2016	Vorönn 2017
Nemendur	264	213
Kennarar	29	31
Brottfall	8,4%	5,2%
Brautskráðir	13	56

Tafla 1. – Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði

1. Mat á skólastarfi

Innan skólans hefur undanfarinn áratug verið unnið að þróun sjálfsmatsaðferða hjá skólanum. Í sjálfsmatsnefnd eiga sæti einn fulltrúi stjórnanda, sem jafnframt ber ábyrgð á sjálfsmatinu og fulltrúar kennara. Nefndin er kosin á kennarafundi og skipa hana nú Heiðrún Tryggvadóttir áfanga- og gæðastjóri, Dóróthea Margrét Einarsdóttir, kennari og Stefan Gunther, kennari. Sjálfsmatsnefnd fundar reglulega eða eins og þörf krefur. Fundir sjálfsmatsnefndar þetta skólaár voru alls 14 á skólaárinu, 6 fundir á haustönn og 8 fundir á vorönn.

Mat á skólastarfi er skipt í ytra og innra mat. Ytra matið er framkvæmt af utanaðkomandi aðila og er yfirvöldum til upplýsingar um skólastarfið og hvernig þeim fjármálum er hagað sem skólinn fær. Ytra mat á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis fór síðast fram vorið 2015 og niðurstöður ytra matsins barst skólanum í október 2015. Í framhaldinu vann skólinn umbótaskýrslu byggða á ytra matinu. 1. september skilaði skólinn síðan matsskýrslu um hvernig til hefði tekist að vinna eftir umbótaskýrslunni. Telst ytra matinu nú formlega lokið af hálfu ráðuneytisins.

Sjálfsmat skólans sem er formlegt innra mat er ætlað að vinna skólanum gagn og í því felst eftirlit með öllum þáttum skólastarfsins. Samkvæmt 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna. Í 40. grein laga um framhaldsskóla nr.92/2008 segir að markmið mats með gæðum framhaldsskóla sé að:

- *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

2. Hlutverk, markmið og stefna Menntaskólans á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla landsins margþætt. Þeir skulu m.a. stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar (sbr. lög nr. 80/1996). Þessi lagaákvæði sem og gildi MÍ sem eru metnaður, víðsýni, virðing og árangur hafa nemendur og starfsfólk skólans að leiðarljósi við vinnu sína. Á þeim grundvallast jafnframt markmið skólastarfsins.

Hlutverk Menntaskólans á Ísafirði er sömuleiðis að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Skólinn á Í samstarfi við Fjarmentaskólann til að auka fjölbreytni náms svo og erlenda skóla í Frakklandi og Danmörku en þangað fara verkmenntanemendur í starfsnám.

Markmið skólans og áhersluatriði hafa verið sett fram í viðauka við skólasamningi fyrir 2015-2019 þar sem kveðið er m.a. á:

- *Að hlutfall nýnema af norðanverðum Vestfjörðum haldist áfram hátt á samningstímanum og fari ekki undir 92%. Þessu markmiði verði náð með:*
 - *skipulögðum heimsóknnum grunnskólanema af svæðinu í MÍ á vorönnum. Á skólaárinu 2017-2018 var farið í nokkra grunnskóla á svæðinu en þó ekki alla. Öllum 10. bekklingum var formlega boðið á opið hús og sumir komu auk þess í sérstaka heimsókn í skólann.*
 - *Kynningarbæklingur og kynningarmyndband um skólann verður endurnýjað og vistað á heimasíðunni. Kynningarmyndband um skólann er nú vistað á heimasíðu hans. Stuttur kynningarbæklingur var útbúinn fyrir opið hús í skólanum á vorönn 2016 og endurskoðaður á vorönn 2017.*
 - *Að brotthvarf nemenda úr skólanum haldist áfram lágt og fari ekki upp fyrir 5% miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar hvort ár. Þessu markmiði verði náð með því að sinna áfram markvissri námsráðgjöf og að í nær öllum áföngum verði leiðsagnarmat í kennslu.*
- *Að vinna að auknum gæðum kennslu með því að stuðla að umræðu og samvinnu um bættu kennsluhætti og námsmat. Starfsdagar, kennarafundir og reglulegir fundir á fimmtudögum verði nýttir til þessarar vinnu. Unnið var eftir þessari áætlun á vegum sjálfsmatsnefndar veturinn 2016-2017. Þá var ákveðið að rýnihópar yrðu starfræktir annað hvert ár. Endurmat á kennslu og kennsluháttum fór fram á vegum stjórnenda á starfsdögum, kennarafundum og fimmtudagsfundum sem m.a. voru nýttir vor og haust til þessarar vinnu. Auk þess tóku stjórnendur upp svokallaða kennslustundarýni á haustönn 2017 þar sem þeir fóru markvisst inn í kennslustundir hjá kennurum og áttu við þá samtal um kennsluna í kjölfarið. Samskonar kennslustundarýni fór fram á vorönn 2017 og þá í samhengi við starfsmannaviðtöl.*

3. Sjálfsmatsáætlun MÍ – skólaárið 2016-2017

Sjálfsmat fór fram við skólann í samræmi við framhaldsskólalög og var unnið af sjálfsmatsnefnd. Nefndin undirbjó starf vetrarins og gerði sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017.

Á skólaárinu 2016-2017 var gerð áætlun um að eftirtaldir þættir yrðu metnir:

- Kennslukönnun hjá nemendum.
- Sjálfsmatskönnun hjá kennurum.
- Viðhorfskönnun hjá fjarnemum.

Einnig fór fram í skólanum skólamálaþing um kennsluhætti og skólastarf í nóvember 2016.

Sjálfsmatsnefndin setti sér verkáætlun sem unnið var eftir:

Haustönn 2016:

- Október: Hugað að mati á haustönn. Ákveðið að leggja kennslukönnun fyrir hjá nemendum og sjálfsmatskönnun hjá kennurum.
- Nóvember: Undirbúningur kannana.
- Desember: Kennslukönnun lögð fyrir nemendur og sjálfsmatskönnun hjá kennurum. Unnið úr niðurstöðum beggja kannana.

Vorönn 2017:

- Janúar: Lögð fram verkáætlun fyrir vorönn.
- Febrúar: Unnið samkvæmt verkáætlun.
- Mars: Unnið að undirbúningi kannana.
- Apríl: Kennslukönnun lögð fyrir nemendur.
- Maí: Sjálfsmatskönnun lögð fyrir kennara. Unnið úr könnunum. Ákveðið að leggja fyrir viðhorfskönnun hjá fjarnemum. Byrjað á skýrsluskrifum.

4. Matsaðferðir og gagnaöflun

Innra mat:

- **Kennslukönnun:** Kennslukannanir voru lagðar fyrir á haustönn 2016 og vorönn 2017.
- **Sjálfsmatskönnun:** Sjálfsmatskönnun var lögð fyrir kennara á haustönn 2016 og vorönn 2017.
- **Viðhorfskannanir:** Meginleg netkönnun meðal fjarnámsnema um ýmsa þætti er sneri að fjarnáminu.

Ytra mat:

- **Stofnun ársins:** Könnun sem framkvæmd var 2017 af Capacent Gallup fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- **Greining á tölulegum gögnum** úr Innu varðandi einkunnardreifingu, innritun, útskrift, brottfall, nemendafjöldi á brautum og fleira.

5. Lykilþættir sem meta á í skólastarfinu

Ferli úttekta og kannana felst í því að geta skoðað það sem fram fer í skólastarfinu og vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið, skoða hvernig til hefur tekist og setja ný markmið. Þau hjálpartæki sem nýtast við matið eru spurningalistar, viðhorfskannanir, einkunnagögn, skólasóknargögn, brottfallsgögn, o.fl. Yfirlit yfir úttektir og kannanir á lykilþáttum í skólastarfi eru að finna í töflu 2 hér fyrir neðan.

Hvað gerum við	Hve oft?	Hver?	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Jún
Skólasókn	Vikulega	KEN	V	V	V	V		V	V	V	V	V	
Skólasóknaryfirlit	Mánaðarlega	SKR		V	V	V	V	V	V	V	V	V	
Miðannarmat	Einu sinni á önn	KEN			V				V				
Mat sent foreldrum	Einu sinni	ASK			V				V				
Námsmat	Á hverri önn	KEN	V	V	V	V	V	V	V	V	V	V	
Brottfall í áfanga	Á hverri önn	KEN					V					V	
Úrslit námsmats	Á hverri önn	KEN					V					V	
Samantekt námsmats	Á hverri önn	ASK					V					V	
Stjórnendur													
Starfsþróunarviðtöl	Á vorönn	SKM/ASM							V	V	V		
Ársskýrsla	Árlega	SKM								V			
Skýrsla um skólasókn	Á hverri önn	ASM					V						V
Skýrsla um námsmat	Á hverri önn	ÁFS					V						V
Skýrsla um brottfall	Á hverri önn	ÁFS					V						V
Skólanámskráin	Á hverri önn	ÁFS					V						V
Markmið námskrár	Á hverri önn	ÁFS					V						V
Sjálfsmatsnefnd		SMN	V13	H13	V14	H14	V15	H15	V16	H16	V17	H17	V18
Áfangakönnun	Annað hvert ár*	SMN	V	V	V	V	V	*	*	V	V	V	V
Rýnihópar nem/ken	Annað slagið*	SMN					V	V	V		V	V	V
Foreldrakönnun	Annað hvert ár				V				V				V
Stjórnunar- og þjónustukönnun	Annað hvert ár	SMN				V				V			
Líðan nemenda	Annað hvert ár	RoG		V				V				V	

Tafla 2. – Lykilþættir sem metnir eru úr í skólastarfinu


Skammstafanir: KEN = kennarar, SKR = skrifstofa, SMN = sjálfsmatsnefnd, ÁFS = áfangastjóri, SKM = skólameistari, ASM = aðstoðarskólameistari, NSK = námskrárstjóri.

6. Niðurstöður kannana sem unnar voru af sjálfsmatsnefnd veturinn 2016-2017


Á haustönn 2016 og vorönn 2017 voru lagðar fyrir samskonar kennslukannanir fyrir alla dagskólanemendur í öllum áföngum nema skipstjórnaráföngum.

6.1. Niðurstöður kennslukannana fyrir dagskólanemendur

Á haustönn 2016 voru í kennslukönnun alls 69 áfangar með samtals 1226 nemendum. Þar af svöruðu 566 nemendur, það gerir 46% svarhlutfall. Alls voru 68 áfangar í könnuninni á vorönn 2017 með samtals 1112 nemendum. Þar af svöruðu 489 nemendur. Það gerir 44% svarhlutfall.




Mynd 6.1.a. – Niðurstöður frá haustönn 2016




Mynd 6.1.b. – Niðurstöður frá vorönn 2017

Hvernig metur þú vinnuálag þitt í þessum áfanga? (566 responses)




Mynd 6.1.c. – Niðurstöður frá haustönn 2016

Hvernig metur þú vinnuálag þitt í þessum áfanga? (489 responses)




Mynd 6.1.d. – Niðurstöður frá vorönn 2017

Hversu fjölbreytt er kennslan í þessum áfanga? (566 responses)



Mynd 6.1.e. – Niðurstöður frá haustönn 2016




Mynd 6.1.f. – Niðurstöður frá vorönn 2017

Niðurstaða: Á haustönn 2016 var meðaleinkunn allra kennara 7,8 og tæp 87% nemenda taldi vinnuálag sitt vera hæfilegt eða mikið. Fjölbreytni í kennslu fékk að meðaltali 3,3 stig af 5 mögulegum. Á vorönn 2017 var meðaleinkunn allra kennara 8,0 og tæp 86% nemenda taldi vinnuálag sitt vera hæfilegt eða mikið. Fjölbreytni í kennslu fékk að meðaltali 3,3 stig af 5 mögulegum. Í samhengi við þessar spurningar var ein opin spurning um kennsluna: *Hvað fannst þér best og/eða hvað fannst þér verst við kennsluna í þessum áfanga?* Sjálfsmatsnefnd vann ekki sérstaklega úr niðurstöðum þessarar spurningar heldur bárust þær beint til kennara.


6.2. Niðurstöður sjálfsmatskannana kennara

Alls voru 72 áfangar í könnuninni á haustönn 2016 en svarað var fyrir 45.

Alls voru 65 áfangar í könnuninni á vorönn 2017 en svarað var fyrir 38.




Mynd 6.2.a. – Niðurstöður frá haustönn 2016. Meðaltal = 6,4




Mynd 6.2.b. – Niðurstöður frá vorönn 2017. Meðaltal = 6,7

Niðurstaða: Á vorönn 2017 meta kennarar sig að jafnaði nota meira leiðsagnarnám en á haustönn 2016.




Mynd 6.2.c.

Niðurstaða: Tíðni á skriflegri endurgjöf frá kennara virðist aukast örlítið frá hausti 2016 til vors 2017 að mati kennara.



Mynd 6.2.d.

Niðurstaða: Nemendur virðast vinna oftár úr skriflegri endurgjöf í kennslustundum á vorönn 2017 en á haustönn 2016 að mati kennara.




Mynd 6.2.e.

Niðurstaða: Hér sést að sjálfstæð verkefnavinna í kennslustundum hefur fengið meiri tíma á vorönn 2017 en haustönn 2017 að mati kennara.


Hversu margar mínútur á meðaltali notar þú í hverri kennslustund til að tala við nemendur sem hóp (t.d. uppi við töflu)?

(42 responses)


36 responses



Haustönn 2016




Vorönn 2017



Mynd 6.2.f.

Niðurstaða: Hér má sjá að kennarar meta það svo að þeir noti minni tíma til að tala við nemendur sem hóp á vorönn 2017 en á haustönn 2016.


Hvernig metur þú vinnuálag þitt í þessum áfanga? (45 responses)




Mynd 6.2.g. – Niðurstöður frá haustönn 2016. Meðaltal = 3,6

Hvernig metur þú vinnuálag þitt í þessum áfanga?


37 responses



Mynd 6.2.h. – Niðurstöður frá vorönn 2017. Meðaltal = 3,6




Mynd 6.2.i. – Niðurstöður frá haustönn 2016. Meðaltal = 3,2




Mynd 6.2.j. – Niðurstöður frá vorönn 2017. Meðaltal = 3,2

Niðurstaða: Kennarar meta vinnuálag sitt og vinnuálag nemenda eins á bæði haustönn 2016 og vorönn 2017. Í báðum tilvikum er vinnuálag kennara metið örlítið hærra en vinnuálag nemenda.




Mynd 6.2.k. – Vinnuálag nemenda metið af kennara haust 2016




Mynd 6.2.l. – Vinnuálag nemenda metið af kennara vor 2017

Á myndunum 6.2.k. og 6.2.l hér fyrir ofan sést hvernig samræmi er í því hvernig vinnuálag nemenda er metið annars vegar af nemendum sjálfum og hins vegar af kennurum. Efri myndin er frá haustönn 2016 en neðri myndin frá vorönn 2017. Lang flestir nemendur eru sammála kennurunum sínum um vinnuálag.



Mynd 6.2.m.

Niðurstaða: Kennarar virðast hafa sterkari skoðun á þessum þætti á haustönn 2016 en vorönn 2017




Mynd 6.2.n.

Niðurstaða: Kennarar virðast hafa samskonar skoðanir á þessum þætti á haustönn og vorönn. Meirihluti kennara telur sér takast að vekja áhuga nemenda á námsefninu.

Hvaða heildareinkunn myndir þú gefa sjálfum/sjálfri þér fyrir áfangann?


(45 responses)




Mynd 6.2.o. – Niðurstöður frá haustönn 2016. Meðaltal = 7,1

Hvaða heildareinkunn myndir þú gefa sjálfum/sjálfri þér fyrir áfangann?


38 responses



Mynd 6.2.p. – Niðurstöður frá vorönn 2017. Meðaltal = 6,8



Mynd 6.2.q. – Einkunn sem kennari gefur sjálfum sér haust 2016




Mynd 6.2.r. – Einkunn sem kennari gefur sjálfum sér vor 2017


Á myndunum 6.2.q. og 6.2.r. hér fyrir ofan sést samræmið í því hvaða einkunn nemendur gefa kennara og hvaða einkunn kennari gefur sjálfum sér.

6.3. Niðurstöður viðhorfskönnunar fjarnema

Á vorönninni 2017 fengu allir 66 fjarnemar við MÍ senda viðhorfskönnun. Þessir 66 fjarnemar voru í 110 áföngum. Af þessum 110 mögulegum svörum við könnunina frá öllum fjarnemum fyrir alla áfangana voru send 37 svör þannig að svarhlutfall var 33,6%. Ekki er vitað hinsvegar hversu margir nemendur svöruðu könnuninni af því að líklegast sendu einhverjir nemendur fleiri en eitt svar fyrir mismunandi áfanga.




Mynd 6.3.a.



Mynd 6.3.b.

Hvernig nýttist Moodle þér í þessum áfanga?


37 svör



Mynd 6.3.c.

Hvernig metur þú vinnuálag þitt í þessum áfanga?


37 svör



Mynd 6.3.d.

Geturðu hugsað þér að stunda aftur fjarnám við MÍ?


37 svör



Mynd 6.3.e.

Ef þú ert í fjarnámi í öðrum skóla hvernig er fjarnám í MÍ í samanburðinum?

28 svör




Mynd 6.3.f.

Niðurstaða: Meirihluti fjarnema sem svaraði viðhorfskönnun MÍ á vorönninni 2017 var ánægður í náminu. Reyndar er svarhlutfall ansi lágt (u.þ.b. $\frac{1}{3}$) sem gæti valdið skekkju í heildarmyndinni. Út frá þessu þarf í framtíðinni að skoða aðrar leiðir í framkvæmd til að fá fleiri svör við slíka könnun.


7. Töluleg gögn

7.1. Einkunnadreifing haustönn 2016 og vorönn 2017

Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2013-2014 er að finna samanburð á einkunnadreifingu, sundurliðað efir önnunum, sem nær frá vorönn 2008 til vorannar 2014. Niðurstöður sýndu að full ástæða væri til að halda áfram að skoða niðurstöður úr áföngum með tilliti til breyttra kennsluhátta (leiðsagnarmats). Á myndunum 7.1.a. og 7.1.b má sjá einkunnadreifingu lokamats haustannar 2016 og vorannar 2017.



Mynd 7.1.a. – Einkunnadreifing haustannar 2016



Mynd 7.1.b. – Einkunnadreifing vorannar 2017

Eins og sést á myndunum er einkunnadreifingin um margt lík á báðum önnunum. Fleiri nemendur fá þó einkunnirnar 9 og 10 á haustönn 2016 en á vorönn 2017. Á vorönn virðist einkunnadreifingin frekar vera að líkjast normalkúrfunni en þó þannig að einkunnir eru í hærra lagi. Ástæða er til að taka einkunnaumræðuna á kennarafundum og ræða þessar breytingar.

7.2. Brottfall haustönn 2016 og vorönn 2017

Stefna skólans undanfarin ár hefur verið að minnka brottfall og er viðmiðið að það haldist undir 5%. Brottfallið haustið 2016 var 8,4% og 5,2% vorið 2017. Ljóst er að ekki tókst á haustönn 2016 að vera undir þeim viðmiðum sem stefnt var að. Nemendasamsetning skólans hefur breyst nokkuð undanfarin ár, bæði hefur fjarnemum farið fjölgandi sem og nemendum í dreifnámi (lotubundnu fjarnámi) sem mögulega hefur áhrif á brottfall. Um það verður þó ekki ályktað frekar nema gera á því sérstaka úttekt.

7.3. Stofnun ársins

Starfsmenn Menntaskólans á Ísafirði svöruðu könnuninni Stofnun ársins árið 2017. Könnunin metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana, og nota má niðurstöður könnunarinnar til að skoða hvernig þessir þættir stofnunarinnar eru metnir í samanburði við aðrar stofnanir. Starfsmönnum sem voru í 50% starfi, og höfðu starfað í fjóra mánuði þegar könnunin var lögð fyrir, var boðið að taka þátt í könnuninni.

Svarhlutfall starfsmanna MÍ var 50-59% (71% árið 2016). MÍ var í 27. sæti (32. sæti árið 2016) af þeim 45 stofnunum sem skilgreindar eru sem meðalstórar stofnanir (stofnanir með 20 til 49 starfsmenn).¹

Tafla 3 hér fyrir neðan sýnir sá þætti sem metnir eru í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svara atriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.

Þáttur	Einkunn MÍ (breyting frá 2016)	Stofnanir með 20-49 stm.	Allar stofnanir
Stjórnun	3,71 (-0,13)	3,97	3,99
Starfsandi	4,13 (-0,08)	4,24	4,20
Launakjör	3,49 (+0,17)	3,19	3,06
Vinnuskilyrði	4,10 (+0,37)	3,89	3,88
Sveigjanleiki vinnu	3,92 (+0,02)	3,99	4,28
Sjálfstæði í starfi	4,26 (-0,02)	4,40	4,27
Ímynd stofnunar	4,00 (+0,29)	4,08	3,78
Ánægja og stolt	4,44 (+0,15)	4,29	4,16
Jafnrétti	4,20 (-0,07)	4,25	4,14
Heildareinkunn	4,03 (+0,07)	4,04	3,98

Tafla 3. – Meðaleinkunn MÍ á þeim þáttum sem metnir eru í stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofna (Gallup, 2017)

¹ Stofnun ársins 2017, SFR, bls. 14 <https://www.sfr.is/library/Kjarasvid/Kannanir/Stofnun-arsins/Stofnun-arsins-2017/SFR-stofnun%20%C3%A1rsins%202017%20neti%C3%B0.pdf>

Fimm hæstu einkunnir stofnunar (breyting frá 2016):

- Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu = 4,65 (+0,65)
- Á heildina lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu. = 4,53 (+0,29)
- Þegar á heildina er lítið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið. = 4,50 (+0,14)
- Á heildina lítið líður mér vel í starfinu. = 4,47 (+0,23)
- Ég er stolt(ur) af stofnuninni sem ég starfa hjá. = 4,42 (+0,14)

Fimm lægstu einkunnir stofnunar (breyting frá 2016):

- Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum? = 3,00 (+0,05)
- Næsti yfirmaður minn sér um að ég hafi möguleika til að þroska hæfileika mína. = 3,47 (-0,44)
- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar. = 3,50 (-0,55)
- Ég fæ stuðning og hvatningu frá næsta yfirmanni mínum. = 3,53 (-0,55)
- Á mínum vinnustað er starfsfólki hrósað þegar það stendur sig vel. = 3,53 (-0,24)

Ánægja með loftgæði skorar líka lágt (= 3,55) en hefur bæst mikið (+1,26) frá 2016.

Í næstu könnun um stofnun ársins þarf að bæta svarhlutfall starfsmanna.

8. Sjálfsmatsáætlun 2015-2018

Endurskoða þarf sjálfsmatsáætlun skólans. Í tengslum við innleiðingu gæðakerfis við skólann sem nú er unnið að þarf að vinna slíka áætlun, en stefnt er að því að endurskoða sjálfsmatskerfi skólans sem hluta af innleiðingu gæðakerfis.

Hugleiðing sjálfsmatsnefndar: Horfa þarf markvisst á sjálfsmatið sem stjórnþæki til að bæta skólastarfið og vinna að framförum innan skólans. Velta þarf fyrir sér hvernig nefndin getur lagt fram áætlun sem byggir á sjálfsmatinu til að bæta gæði skólastarfsins. Einnig þarf að velja fyrir sér hvort kennslukannanir vegi of þungt hjá nefndinni, bæði með tilliti til að búa til og framkvæma slíkar kannanir sem og að vinna úr niðurstöðum þeirra. Mögulega eru þær of yfirgripsmiklar og missa þannig marks, þ.e. að niðurstöðurnar nýtast illa til úrbóta. Ef stjórnendur fylgja ekki eftir könnunum með athugasemdum til kennara missir matið fljótt marks og verður tilgangslaust. Bæði starfsmenn og nemendur verða að sjá eftirfylgni og úrbætur og það er stjórnenda að fylgja umbótum eftir. Það er mjög mikilvægt að geta sent skilaboð um góða kennslu og slaka kennslu. Að hrósa og gagnrýna og fá kennara til að breyta kennsluháttum og vinnulagi ef með þarf. Fyrst og síðast þarf að hugleiða til hvers er sjálfsmatið? Er það fyrir skólann til að bæta sig eða til að uppfylla lagaskyldu?

Tillaga að verkefnum sjálfsmatsnefndar 2017-18 verða eftirfarandi:

- Unnið verði að nýrri sjálfsmatsáætlun og umbótum.
- Unnið verður að endurskoðun á sjálfsmatskerfi skólans til næstu ára sem hluta af innleiðingarferli gæðakerfis.
- Skýrslu skilað á haustdögum 2018.

Sjálfsmatsnefnd MÍ
Dóróthea Margrét Einarsdóttir
Heiðrún Tryggvadóttir
Stefan Gunther

Heimildir

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 10. júní 2016 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra_frsk_2_utg_breyt_2015.pdf

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu. (2017). *Töflur með einkunnum stofnanna*. Sótt 20. ágúst 2017 af <https://www.sfr.is/library/Kjarasvid/Kannanir/Stofnun-arsins/Stofnun-arsins-2017/SFR-stofnun%20%C3%A1rsins%202017%20neti%C3%B0.pdf>

Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans á Ísafirði (2016). *Skýrsla um innra mat 2015-16*. Sótt 7. febrúar 2017 af <http://misa.is/skolinn/sjalfsmat/skra/390/>

Skólasamningur Menntaskólinn á Ísafirði og Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2015-2019 (2015).